



Austurlandi, 26. október 2020

Skrifstofa Alþingis - nefndarsvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2021 og fjármálaáætlun 2021-2025

Fjármálaáætlun til næstu fimm ára og fjárlög næsta árs eru lögð samtímis fyrir Alþingi. Samband sveitarfélaga á Austurlandi skrifar eina umsögn um bæði málin.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

- SSA hvetur stjórnvöld til að að grípa til almennra aðgerða til að styðja við sveitarfélögin í landinu. Mikilvægast í því sambandi er að tryggja framlög Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga skerðist ekki enda yrði það í ósamræmi við þær áskoranir sem komið hafa fram af hálfu stjórnvalda um auknar efnahagslegar aðgerðir sveitarfélaganna sem viðbrögð við Covid19. Sveitarfélögin á Austurlandi þurfa að fá svigrúm til að rækja hlutverk sitt til að komast yfir þær erfiðu aðstæður sem nú eru.

Samgöngumál

- SSA fagnar þeirri áherslu að fjárfesting í samgöngum og innviðum á landsbyggðinni skuli fá aukinn sess í fjárlögum. Mikilvæg verkefni sem ályktað hefur verið um undanfarin ár á vettvangi SSA eru nú komin á samgönguáætlun og áriðandi að ekki verði tafir á upphafi framkvæmda jarðgangna undir Fjarðaheiði og vegs yfir Öxi sem og annarra samgöngubóta sem fyrirhugaðar eru í landshlutanum.
- SSA brýnir stjórnvöld að Austurland lendi ekki í þeirri stöðu að framkvæmdum sé frestað, sökum þess að vandi annarra sé til skamms tíma meiri. Austurland er þýðingarmikill landshluti í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og því skynsamlegt að styrkja innviði sem geta leitt til nýrra tækifæra og aukinna útflutningstekna þjóðarbúinu til heilla.
- Þá er mikilvægt að hafa í huga að fjölmörg verkefni í landshlutanum sem ekki eru í samgönguáætlun eru vel til þess fallin að fara í á grundvelli flýtiframkvæmda og má þar nefna sérstaklega átak í útrýmingu einbreiðra brúa sem og lagningu bundins slitlags.
- SSA ítrekar mikilvægi þess að tækifæri sem felast í eflingu Egilsstaðarflugvallar bæði sem 1. varaflugvallar, farþegaflugvallar í bæði innanlandsflugi- og millilandaflugi og ekki síst þróun hans m.t.t. tækifæra til aukins vöruútflutnings frá landshlutanum, séu nýtt.
- SSA fagnar innleiðingu Loftbrúarinnar og hvetur stjórnvöld til að fylgja því vel eftir.

Heilbrigðismál

- SSA hefur af því verulegar áhyggjur að hjúkrunarrými sem rekin eru í landshlutanum fái minna en nauðsynlegt þykir og í raun er um 20% samdrátt á árinu 2021 að ræða frá því sem ríkisreikningur kveður á um að reksturinn 2019 hafi kostað.
- Þá er afar mikilvægt að auka við fjármagn svo bæta megi þjónustu í fámennum byggðalögum, bæta tækjakost víðsvegar í heilbrigðisþjónustunni í landshlutanum auk þess að styðja við þróun á ýmsum sviðum á vettvangi HSA. Má þar nefna bæði nýtingu og þróun fjarheilbrigðisþjónustu sem og innleiðingu á hugmyndafræði um jákvæða heilsu í samstarfi við samfélögin á Austurlandi.

Sóknaráætlun

- SSA hvetur eindregið til þess að framlög til sóknaráætlana verði augin til þess að styðja við atvinnuþróun, nýsköpun og menningarstarf á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpinu og fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að auka fjármagn í ýmsa sjóði sem starfa á landsvísu, en reynslan hefur sýnt að hlutfallslega eru mun færri styrkir úr þessum sjóðum að fara til landsbyggðarinnar en höfuðborgarsvæðisins.
- Mikilvægt er að fleiri ráðuneyti komi að sóknaráætlunum með sín áhersluatriði og fjármagn þannig að landshlutarnir hafi stuðning til að sýna frumkvæði að þróun og stefnumörkun sem nýtist á landsvísu.

Umhverfismál

- Í samhengi við fyrri punkt um sóknaráætlanir þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir auknum fjárheimildum til grænna fjárfestinga, svo sem til loftslagsmála, innleiðingar hringrásarhagkerfis og fleiri málefna sem gætu nýst í þágu landshlutanna. Vill SSA ítreka að Sóknaráætlanir landshluta eru góður farvegur fyrir slíkar fjárveitingar og mikilvægt að heimamenn komi að innleiðingu stefnumörkunar á þessu sviði svo árangur náist um allt land.

Menntun og rannsóknir

- Brýnt er að veitt verði fjármagn í fjárlögum 2021 og í fjármálaáætlun 2021-2025 til uppbyggingar kennslu á háskólastigi á Austurlandi á sviði hagnýtrar iðnaðartækniþræði í samræmi við samning þess efnis við Menntamálaráðuneytið. Stefnt er að því að frumgreinadeild taki til starfa í landshlutanum haustið 2021 og kennsla hefjist í landshlutanum haustið 2022.
- Áhyggiuefni er að enn einu sinni fellur niður viðbótarfjármagn til Austurbrúar en stofnunin þjónustar nema í fjarnámi á háskólastigi og sinnir símenntun í landshlutanum. Mikið hefur mætt á stofnuninni í tengslum við Covid 19 og mikilvægt að fjárveiting sem hefur verið til staðar undanfarin ár sé ekki skert með þessum hætti.
- Austurbrú hefur sýnt mikið frumkvæði í rannsóknum og greiningum í tengslum við samfélagið á Austurlandi og nauðsynlegt að fjármögnun þekkingarseturshluta Austurbrúar taki mið af því. Mikilvægt er að byggð sé upp þekking á raungögnum um samfélagið sem leiði til markvissari aðgerða og ákvarðana.
- Tryggja þarf sérstakar fjárveitingar til kennslu nýbúa og tvítyngdra nemenda.
- Framhaldsskólar hafa staðið sig gríðarlega vel í þessu undarlega umhverfi Covid19. Mikilvægt er að fjármögnun framhaldsskóla sé með þeim hætti að skólarnir geti staðið undir þeim kröfum sem gerðar eru til fámennra skóla í dreifðum byggðum. Skólarnir hafa sýnt frumkvæði í að skapa sér sérstöðu og mikilvægt að fjármagn sé til áframhaldandi þróunar til að styrkja samkeppnisstöðu þeirra gagnvart skólum á höfuðborgarsvæðinu. Skólarnir eru mikilvægir hlekkir í byggðaðróun landshlutans.

- Mikilvægt er að gæta að starfi Hallormsstaðaskóla og þeirri nýsköpun og þróun sem þar hefur átt sér stað á sviði menntunar byggða á sjálfbærni.
- LungA-skólinn er frumkvöðull í lýðskólamenntun á Íslandi og mikilvægt að gæta að starfi og þróun þessarar nýsköpunar í fræðsluáætlunum.

Menningarstofnanir

- Mikilvægt er að auka fjárveitingu til menningarmiðstöðva á Austurlandi og stuðla þannig með markvissari skrefum að styrkingu rekstrargrundvöls þeirra. Menningarmiðstöðvarnar þjóna mikilvægu hlutverki í þróun og viðhaldi menningarstarfsemi á Austurlandi og mikilvægt að sú vinna og sá árangur sem náðst hefur á undanförunum árum fari ekki forgörðum.
- Þá er mikilvægt að auka fjármagn til annarra rannsóknar- og menningarstofnanna í landshlutanum og byggja þannig undir aukna áherslu í rannsóknar- og þekkingargreinum í landshlutanum.

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarmál

- Mikilvægt er að við niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar fari fjármunir út í landshlutana til að efla nýsköpunar- og þróunarumhverfi þeirra. SSA ítrekar mikilvægi þess að verkefnum fylgi fjármunir svo samfélögin um allt land eigi jafnan möguleika á viðspyrnu í þessu óvissuástandi, ekki bara suðvesturhornið.
- Eyrnamerkir fjármunir í þróunar-, styrkja- og stuðningsumhverfið skila sér í litlum mæli á Austurland. Mikilvægt er að horfa til sóknaráætlana og uppbyggingarsjóða landshlutanna þegar verið er að efla sjóðakerfið, með því móti er hægt að tryggja að fjármunir fari í vinnu um allt land til að þróa og þroska nýsköpun á forsendum svæðanna sjálfa.
- Í fjárlagafrumvarpinu eru komar tillögur um áfangastaðastofur en engar tillögur eru um upphæðir í þessi mikilvægu verkefni. Hlutverk áfangastaðastofa er annað og meira en að sinna eingöngu markaðs- og kynningarmálum. Svo þær verði það hreyfiafl á svæðisvísu varðandi þróun ferðaþjónustu sem til er ætlast þurfa að koma til þeirra nýjrir fjármunir á fjárlögum.

Markaðs- og kynningarmál

- Mikilvægt er að fjármunir sem eyrnamerkir eru í markaðs- og kynningarmál á landsvísu fari í markaðssetningu og kynningu sem stuðlar að dreifingu ferðamanna um landið.
- Mikilvægt er að staðið sé vörð um flugþróunarsjóð í fjárlögum til næstu ára. Einnig er mikilvægt að sú stefnumörkun að opna nýjar gáttir tengist fleiri málaflokkum, s.s. markaðssetningu, uppbyggingu áfangastaða, nýsköpun- og þróun o.s.frv.

Skógrækt

- Ánægjulegt er að sjá fjárveitingar til skógræktar aukast í fjárlögum. Frekari uppbygging á sviði skógræktar er tækifæri þar sem hægt er að tvíanna saman atvinnuuppbyggingu og loftslagsmál.

Náttúrustofa Austurlands

- NA er vel rekin stofnun og gegnir mikilvægu hlutverki, ekki síst varðandi rannsóknir á hreindýrum. Huga þarf að auknum verkefnum, t.d. hvað varðar aðgerðir í loftslagsmálum.

Vatnajökulsþjóðgarður

- Verulegur tekjubrestur hefur orðið hjá Vatnajökulsþjóðgarði. Er svo komið að fjárveitingar eru langt frá því að standa undir þeim verkefnum sem eru á höndum þjóðgarðsins. Fjárveiting er að dragast saman um 38% frá því sem ríkisreikningur kveður á um árið 2019. Mun þetta þýða verulegan samdrátt í landvörslu, litla opnun gestastofa, takmörkun á eftirliti og vöktun auk þess sem upplýsingagjöf verður í lágmarki.
- Þjóðgarðurinn þarf að vera tilbúin að taka á móti þeim fjölda sem mun sækja Ísland heim þegar covid19 lýkur. Því er einstakt tækifæri núna til að fara í innviðauppbýggingu sem er hvort tveggja í senn, atvinnuskapandi og stuðlar að verndun okkar dýrmætustu náttúruperla til lengri tíma.

Ofanfljóðasjóður

- Fagnað er aukningu í Ofanfljóðasjóð á milli ára og að verkefni sem beðið hafa undanfarin ár séu að komast á dagskrá. Mikilvægt er að hraða sem mest framkvæmdum á þessu sviði því hver vetur sem líður án viðeigandi öryggismannvirkja gæti leitt til áfalla. Athygli vekur við lestur frumvarpsins aukinn rekstrarkostnaður frá því sem var árið 2019.

Tengsl stjórnsýslustiga

- Skýra þarf með hvaða hætti samskipti alþingis og sveitastjórnarstigsins eru best tryggð og horfa þar einnig til stöðu og hlutverks landshlutasamtaka.
- Mikilvægt er að bæta rekstrargrundvöll sýslumannsembættisins á Austurlandi enda hefur embættið ítrekað undanfarin ár vakið athygli á að fjárveitingar séu langt frá því að standa undir þeirri þjónustu sem þeim er ætlað að veita. Ríkisendurskoðun benti á með úttekt sinni sem birtist í mars 2019 að ekki hafi verið nægjanlega vel staðið að fjárhagslegum undirbúningi breytinganna sem tóku gildi 1. janúar 2015 þegar sýslumannsembættum á Íslandi var fækkað úr 24 í 9. Mikilvægt er að úr þessu verði bætt í fjárveitingum ársins 2021.

Nánar er hér vikið að nokkrum af ofangreindum atriðum til frekari glöggvunar.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga er þýðingarmikill í rekstri sveitarfélaga á Austurlandi. Mikilvægt er að framlög úr sjóðnum til sveitarfélaga séu ekki skert enda ljóst að ef af því verður mun það hafa veruleg áhrif á getu sveitarfélaganna til að standa undir grunnþjónustu í landshlutanum. Sveitarfélögin leggja þunga áherslu á að ríkið standi með sveitarfélögunum á þessum óvissutímum og hvetur SSA stjórnvöld til að að grípa til almennra aðgerða til að styðja við sveitarfélögin í landinu.

Meðfylgjandi er ályktun SSA er samþykkt var á haustþingi landshlutasamtakanna nýverið:

Haustþing SSA, haldið í fjárfundi þann 9. október 2020 ítrekar mikilvægi þess að Alþingi og ríkisstjórn standi við bakið á sveitarfélögunum á þessum viðsjárverðu tímum. Mikilvægt er að sameinast um þau brýnu uppbyggingar- og framfaraverkefni sem ályktað hefur verið um undanfarin ár af hálfu SSA og blása þannig til sóknar fyrir íslenskt þjóðarþú. Haustþingið kallar eftir samstöðu þings og þjóðar að nýta þau tækifæri sem eru til staðar um leið og hlúð er að þeim sem verða fyrir áföllum af völdum Covid19.*

Samgöngumál

SSA lýsir ánægju sinni með aukna fjárfestingu í samgöngum. Samgöngur hafa mikil áhrif á búsetu fólks, atvinnutækifæri, öryggi og lífsgæði. Á Austurlandi hafa nýframkvæmdir og vegabætur verið ákaflega takmarkaðar undanfarin ár og því er þörfin verulega brýn. Nefna má að malarvegir liggja víðsvegar um fjórðunginn, háir fjallvegir valda einangrun íbúa á vetrum vegna ófærðar og einbreiðar brýr, blindhæðir og skortur á útskotum valda hættum í umferðinni. Mikilvæg verkefni sem ályktað hefur verið um undanfarin ár á vettvangi SSA eru nú komin á samgönguáætlun og áriðandi að ekki verði tafir á upphafi framkvæmda s.s. jarðgangna undir Fjarðaheiði og vegs yfir Öxi sem og annarra samgöngubóta sem fyrirhugaðar eru í landshlutanum. Þá er mikilvægt að hafa í huga að fjölmörg verkefni í landshlutanum sem ekki eru í samgönguáætlun eru vel til þess fallin að fara í á grundvelli flýtiframkvæmda og má þar nefna sérstaklega átak í útrýmingu einbreiðra brúa sem og lagningu bundins slitlags.

Almenningssamgöngur er verkefni sem þarf að fjárfesta í til framtíðar og huga vel að rekstrarlegu umhverfi þessa ferðamáta sem er umhverfisvænni en einkabíllinn og kemur sér vel fyrir samfélagið í heild.

Rétt er að benda á innanlandsflug og mikilvægi þess fyrir íbúa Austurlands, ekki síst vegna fjarlægðar við höfuðborgina. Öruggt innanlandsflug eykur framleiðni fyrirtækja, sinnir stofnunum og er hluti af lífsgæðum vegna aðgengis að ýmissi þjónustu og afþreyingu. Fagnað er tilkomu Loftbrúarinnar og er aukinn stuðningur við það verkefni líklegur til að skila verulegum samfélagslegum ávinningi fyrir fjærsvæði höfuðborgarinnar.

Egilsstaðaflugvöllur hefur margþættu hlutverki að gegna s.s. sem 1. varaflugvöllur fyrir Keflavík, farþegaflugvöllur í bæði innanlandsflugi- og millilandaflugi og ekki síst til framtíðar sem gátt fyrir vöruútflutning fyrir vaxandi ferskvöruframleiðslu í landshlutanum s.s. á sviði fiskeldis. Tækifæri er til uppbyggingar núna þannig að mikilvægir innviðir nýtist sem best til ferkari þróunar landshlutans.

Heilbrigðismál

Heilbrigðismál eru afar mikilvægur málaflokkur fyrir alla íbúa, en þó ekki síst í dreifbýli þar sem lengra er að sækja þá þjónustu. SSA fagnar auknu framlagi til Heilbrigðisstofnunar Austurlands en minnir á alla þá þjónustu sem landshlutinn þarfnast og þarf að efla.

Meðfylgjandi er ályktun SSA er tengist heilbrigðismálum.

SSA skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, alþingi og ríkisstjórn Íslands að efla þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum og að bætt verði úr þar sem þjónusta er ekki viðunandi. Í því samhengi er einkar mikilvægt að leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

- *Umdæmissjúkrahús Austurlands verði eflt og geti sinnt bráða-, sérfræði- og fæðingarþjónustu allan ársins hring.*
- *Heilsugæsla í nærumhverfi verði tryggð enda er hún einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum, þar sem samgöngur eru erfiðar.*
- *Lögð verði sérstök áhersla á eflingu frumgreininga í bráðatilvikum með kaupum á nauðsynlegum greiningartækjum á heilsugæslum staðsettum í nánd við sjúkraflugvelli.*

- *Efla þarf verulega þjónustu sem veitt er í heimahúsum með aukinni þátttöku félagsþjónustunnar sem og heimahjúkrunar auk dagþjónustu. Leita þarf sérstakra leiða til að mæta þörfum einstaklinga og stuðla að því að þeir geti sem lengst búið á heimaslóðum.*
- *Afar brýnt er að fjármagn til reksturs hjúkrunarrýma taki mið af rekstri þeirra. Rekstur margra hjúkrunarrýma er erfiður og framtíð þeirra því í uppnámi. Þá er jafnframt mikilvægt að tryggja fjármagn til byggingar nýrra hjúkrunarrýma þar sem þeirra er þörf og breytinga á eldri hjúkrunarrýmum til gildandi viðmiða.*
- *Tryggja verður fjármagn í sjúkraflutninga á Austurlandi og taka tillit til landfræðilegra aðstæðna í landshlutanum.*
- *Þá ítrekar þingið fyrri kröfur um að hluti þylusveitar landhelgisgæslunnar verði staðsettur á Egilsstaðaflugvelli, til að tryggja öryggi íbúa landshlutans.*

Bráðþjónusta, fæðingarþjónusta, heilsugæsla, öruggir sjúkraflutningar og aðgengi að sérfræðiþjónustu (þ.m.t. geðheilbrigðisþjónustu) er gríðarlega áriðandi fyrir íbúa Austurlands. SSA hvetur fjárlaganefnd til að leggja HSA til það fjármagn sem þarf svo unnt sé að halda í og efla þá þjónustu í byggðarlögum Austurlands. Samdráttur í þjónustu, eins og læknaviðveru og komum hjúkrunarfræðinga í þéttbýlisstaði, er afar bagalegur. Eins er sérstakt að framlög til hjúkrunarrýma 2021 á Austurlandi fá minna fjármagn en ríkisreikningur sagði til um reksturinn árið 2019.

HSA hefur sýnt mikið frumkvæði við þróun þjónustu í landshlutanum. Má þar nefna bæði nýtingu og þróun fjarheilbrigðisþjónustu sem og innleiðingu á hugmyndafræði um jákvæða heilsu í samstarfi við samfélögin á Austurlandi. Mikilvægt er að stofnuninni sé gert kleift að vinna áfram á þessari braut með hag íbúa að leiðarljósi.

Sóknaráætlun

Austurland hefur verið í fararbroddi varðandi margvíslega vinnu við sóknaráætlun og þróun á regluverki um Uppbyggingarsjóð. Mikil áhersla hefur verið lögð á faglegt starf og þýðingarmikil verkefni hafa verið unnin undir formerkjum sóknaráætlunar, bæði út frá atvinnuþróun og nýsköpun en ekki síður hvað varðar menningarmál. Þetta er því heppilegur farvegur fyrir fleiri verkefni sem ríkið gæti nýtt enn frekar. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að auka fjármagn í ýmsa sjóði sem starfa á landsvísu, en reynslan hefur sýnt að hlutfallslega eru mun færri styrkir úr þessum sjóðum að fara til landsbyggðarinnar en höfuðborgarsvæðisins. Þá er mikilvægt að fleiri ráðuneyti komi að sóknaráætluninni með sín áhersluatriði og veiti fjármagn þannig í verkefni víða um land. Með því móti er líklegt að sóknaráætlunirnar fái aukinn slagkraft heima í héraði og að sá slagkraftur nýtist til að ná fram áherslum á landsvísu.

Umhverfismál

Á málefnasviði umhverfismála eru auknar fjárheimildir til grænna fjárfestinga, svo sem til loftslagsmála, innleiðingar hringrásarhagkerfis og fleiri málefna, sem mikilvægt er að vinna að á landsvísu. Mikilvægt er að gott samstarf sé á milli ríkis og sveitarfélaga um áherslur og að stutt sé við landshlutana með fjármunum í svæðisbundnar áherslur á þessu sviði. Vill SSA ítreka að Sóknaráætlunir landshluta eru góður farvegur fyrir slíkar fjárveitingar og mikilvægt að heimamenn komi að innleiðingu stefnumörkunar á þessu sviði svo árangur náist um allt land.

Menntun og rannsóknir

Brýnt er að mennta- og menningarmálaráðuneytið komi að uppbyggingu háskólanáms á Austurlandi á grundvelli þess samnings sem undirritaður hefur verið um kennslu á háskólastigi. Framlög til framhaldsskóla eru lægri en sem nemur rekstrarreikningi fyrir árið 2019 og er með öllu óásættanlegt þegar nú er aukið álag tengt Covid 19. Ekki verður lengra komist í niðurskurði í skólunum án þess að það hafi veruleg áhrif á þjónustu þeirra. Gæta verður þess að fámennum framhaldsskólum í hinum dreifðu byggðum, eins og á Austurlandi, sé gert kleift að halda úti námsframboði sem kemur til móts við ólíkar þarfir og sinna náms- og starfsfræðslu. Að bjóða upp á öflugt framhaldsskólanám í nærumhverfi eykur menntun í landshlutanum og lífsgæði íbúanna. Einnig þarf að gæta þess að skólarnir fái fjármagn til að mennta nýbúa á þeirra forsendum og efla íslenskukunnáttu þeirra til að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í samfélaginu. Það sama á við um fjármagn til íslenskukennslu fyrir útlendinga hjá Austurbrú. Fjárveiting til Austurbrúar 2021 er ekki í takt við fyrri ár og tryggja þarf að stofnunin fái það fjármagn sem þarf til að sinna símenntun fullorðinna, veita fullorðnum námsmönnum tækifæri til náms og veita nemendum þjónustu, ráðgjöf og aðstöðu. Bent skal á sérstöðu Hallormsstaðaskóla og LungA-skóla á landsvísu og mikilvægt að gætt sé að því frumkvöðla og þróunarstarfi sem fram fer hjá þessum fræðslustofnunum.

Menningarstofnanir

Að framlög til menningarmiðstöðva á Austurlandi standi í stað er mikið áhyggjuefni þar sem íbúar Austurlands búa svo langt frá þeim menningarmiðstöðvum sem þjóðin rekur. Menningarmiðstöðvarnar eru því lykilstofnanir í austfirsku menningarlífi og leggja sitt af mörkum til að jafna aðgengi landsmanna að menningu.

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarmál

Það er mikilvægt að horft sé til þjónustu í nærumhverfinu í framhaldi af niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar. Mikilvægt er að hlutverk og þjónusta byggist upp innan landshlutans sem styður við áframhaldandi þróun á þessu sviði. Þá er mikilvægt að framlög til nýsköpunar til sóknaráætlana verði aukin líkt og framlög til nýsköpunarsjóða (Rannsóknarsjóður, Innviðasjóður, Tæknipróunarsjóður). Það hefur sýnt sig að fjármunir sem eyrnamerkir eru í landsdekkandi sjóði skila sér í mjög litlum mæli til Austurlands. Miklar vonir eru bundnar við tilkomu áfangastaðastofa og þau hlutverk sem þeim er ætlað að sinna í þróun ferðaþjónustu í landshlutanum. Hlutverk áfangastaðastofa er annað og meira en að sinna eingöngu markaðs- og kynningarmálum. Svo þær verði það hreyfiafl á svæðisvísu varðandi þróun ferðaþjónustu sem til er ætlast þurfa að koma til þeirra nýjir fjármunir á fjárlögum.

Markaðs- og kynningarmál

Mikilvægt er að fjármunum sem eyrnamerkir eru markaðs- og kynningarmálum sé varið í kynningu sem styður við dreifingu ferðamanna um landið. Austurland getur tekið við fjölda gesta og ljóst að þegar ferðaþjónustan fer aftur á stað þarf hún að þróast út frá öðru sjónarhorni er var í fyrri ferðaþjónustuuppbyggingu. Dreifing ferðamanna, stýring og innviðaðróun þarf að vera leiðarljós og með því að gera svæðinu mun hærra undir höfði í markaðsstarfi sem fjármagnað er með opinberu fé að hluta eða öllu leyti er líkleggra að þau markmið náist.

Einnig er mikilvægt að standa vörð um flugþróunarsjóð í fjárlögum til næstu ára. Reynsla í öðrum löndum sýnir að það verkefni að opna nýjar gáttir er langhlaup sem þarf verkfæri líkt og flugþróunarsjóðurinn er. Einnig er mikilvægt að sú stefnumörkun að opna nýjar gáttir tengist fleiri málaflokkum; markaðssetningu, uppbyggingu áfangastaða, nýsköpun og þróun o.s.frv. Sveitarfélögin á Austurlandi hafa staðið að markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar og

uppbyggingu áfangastaðarins Austurlands með töluverðum fjármunum undanfarin ár og áframhaldandi stuðningur ríkisins er nauðsynlegur í þeim verkefnum sem framundan eru.

Skógrækt

Uppbygging á sviði skógræktar er tækifæri þar sem hægt er að tvinnna saman atvinnuuppbyggingu í kjölfar Covid19 og átak í kolefnisbindingu. Mikið er til af landi sem þegar er búið að skipuleggja til skógræktar og því ekki eftir neinu að bíða með að auka skógrækt sem lið í mótvægisáðgerðum m.t.t. loflagsmála.

Náttúrustofa Austurlands og Vatnajökulspjóðgarður

Báðar stofnanirnar skipta miklu máli á Austurlandi. Hjá Náttúrustofu Austurlands (NA) er unnið að rannsóknum á náttúrufari og m.a. má benda á að stofan annast rannsóknir á hreindýrum, sem einungis er að finna á Austurlandi og er dýrmætur þáttur í lífríki landsins. Hjá NA hefur byggst upp mikil fagleg þekking sem byggja má enn frekar ofan á með fleiri verkefnum.

Vatnajökulspjóðgarður hefur nú verið starfræktur í tíu ár. Framlög til þjóðgarðsins hafa ekki fylgt þörfinni fyrir uppbyggingu nauðsynlegra innviða til að þjóðgarðurinn standi almennilega undir nafni. Er svo komið að fjárveitingar eru langt frá því að standa undir þeim verkefnum sem eru á höndum þjóðgarðsins. Þjóðgarðurinn þarf að vera tilbúin að taka á móti þeim fjölda sem mun sækja Ísland heim þegar covid19 lýkur. Því er einstakt tækifæri núna til að fara í innviðauppbyggingu sem er hvort tveggja í senn, atvínuskapandi og stuðlar að verndum okkar dýrmætustu náttúruperla til lengri tíma.

Ofanflóðavarnir

Mikilvægt er að haldið verði áfram með þær framkvæmdir og áfanga sem þegar eru á áætlun Ofanflóðasjóðs og sveitarfélaga, svo og undirbúningi frekari framkvæmda. Mikið öryggismál er að endurskoða áhættumat að loknum framkvæmdum á ofanflóðavörnum á byggð neðan slíkra varna.

Sýslumaður Austurlands

Í nokkur ár hefur verið bent á þá miklu skekkju sem er í grundvelli fjárveitingar til sýslumannsembættisins á Austurlandi. Frumvarpið ber með sér að ekki standi til að leiðrétta þá stöðu sem upp er komin. Þegar skoðaðar eru fjárveitingar annarra sýslumannsembætta sem taka til heils landshluta má sjá að embættið á Austurlandi er t.d. með 57 millj. kr. lakari fjárveitingu í fjárlögum 2021 en næsta embætti þar fyrir ofan sem er embættið á Vestfjörðum. Ekki verður séð á hvaða forsendum þessi gríðarlegi munur er á fjárveitingu embættisins á Austurlandi samanborið við aðra landshluta.

Lokaorð

Fulltrúar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi vænta þess að fá tækifæri til að hitta fjárlaganefnd og gera þar nánari grein fyrir áherslum í þessari umsögn.

Virðingarfyllst,
Samband sveitarfélaga á Austurlandi



Einar Már Sigurðarson formaður